



Glitnir banki hf.

Yfirlit eigna og skulda

Áætlað virði eigna og uppreiknaðar skuldbindingar

6. febrúar 2009

Fyrirvari

The logo for Glitnir, featuring the word "GLITNIR" in white, uppercase, sans-serif font on a red rectangular background. A white wavy line is positioned below the text.

Þetta skjal inniheldur Yfirlit eigna og skulda (þar meðtalið áætlað virði eigna og uppreiknaðar skuldbindingar) Glitnis banka hf. („Gamli Glitnir“ eða „Bankinn“) miðað við 31. desember 2008 („Yfirlit eigna og skulda“). Lesendum skýrslunnar er bent á kaflann Yfirlit eigna og skulda, skýringar og viðauka, sem eru óaðskiljanlegur hluti þessa skjals. Virði eigna og skulda Gamla Glitnis (e. The actual realisable value of Old Glitnir’s assets and the amount of its liabilities) getur breyst talsvert frá því virði sem sett er fram í Yfirliti eigna og skulda (e. estimated value of assets and computation of liabilities). Ákveðnir liðir sem gætu breytt virði eigna og skulda Gamla Glitnis eru settir fram í Skýringu 2, *takmarkanir*.

Samkvæmt skilyrðum greiðslustöðvunar, sem veitt var Gamla Glitni þann 24. nóvember 2008, má ekki lögsækja Bankann fyrr en greiðslustöðvun lýkur. Því má leiða að því líkum að til séu kröfur á Gamla Glitni sem Skilaneftndinni er ekki kunnugt um. Sökum skorts á áreiðanlegum upplýsingum þessu tengdu hefur ekki farið fram mat á hugsanlegum skuldbindingum og kostnaði þeim tengdum við gerð skýrslunnar.

Þessi skýrsla er þýdd úr ensku. Ef misræmi er milli íslenska og enska textans skal sá enski gilda.



Inngangur

1. Inngangur

2. Yfirlit eigna og skulda

3. Skýringar

4. Viðaukar

Viðauki 1 – Orðskýringar

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

Viðauki 4 – Gengi gjaldmiðla

- Samkvæmt skilyrðum greiðslustöðvunar sem Héraðsdómur Reykjavíkur veitti Glitni banka hf. („Gamla Glitni” eða „Bankanum”) þann 24. nóvember 2008 ber aðstoðarmanni skuldara Gamla Glitnis að leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá sína um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal skrá áætlað andvirði hvernar eignar og fjárhæð hvernar skuldbindingar miðað við frestdag (Reference Date) („Yfirlit eigna og skulda”)
- Frestdagur samkvæmt lögum um greiðslustöðvun er 15. nóvember 2008, sá dagur sem endurskoðuð lög um greiðslustöðvun voru samþykkt. Rétt þykir að byggja Yfirlit eigna og skulda á fjárhagsupplýsingum frá 31. desember 2008 þar sem þær upplýsingar eru áreiðanlegri, nýrri og þ.a.l. meira viðeigandi. Einnig getur verið erfitt að nálgast upplýsingar úr fjárhagskerfum Bankans sem ekki eru miðaðar við lok uppgjörstímabils. Þar sem fáar færslur hafa átt sér stað frá frestdegi er notkun gangna frá 31. desember 2008 viðeigandi.
- Yfirlit eigna og skulda skal kynnt kröfuhöfum Gamla Glitnis á kröfuhafafundi þann 6. febrúar 2009. Við þinghald í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 13. febrúar 2009 verður Yfirlit eigna og skulda lagt fram.
- Yfirlit eigna og skulda var útbúið af aðstoðarmanni skuldara í samvinnu við Skilaneftnd Gamla Glitnis og starfsmenn Gamla Glitnis, sem fengu aðstoð alþjóðlegra ráðgjafafyrirtækja þar sem það var talið viðeigandi. Yfirlit eigna og skulda var samþykkt af Skilaneftnd Gamla Glitnis og aðstoðarmanni skuldara þann 4. febrúar 2009 til notkunar í samræmi við ofangreindar málsgreinar.
- Yfirlit eigna og skulda er sett fram í ISK þar sem fjárhæðir eru umreiknaðar miðað við skráð miðgengi Seðlabanka Íslands þann 31. desember 2008. Stór hluti eigna og skulda Gamla Glitnis er í erlendum gjaldmiðlum og því geta sveiflur á gengi gjaldmiðla gagnvart krónunni haft veruleg áhrif á þau verðmæti sem tilgreind eru í Yfirlit eigna og skulda.
- Skýringar sem fylgja þessu skjali eru óaðskiljanlegur hluti Yfirlits eigna og skulda og skulu meðhöndlaðar í samræmi við það.



Yfirlit eigna og skulda

1. Inngangur

2. Yfirlit eigna og skulda

3. Skýringar

4. Viðaukar

Viðauki 1 – Orðskýringar

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

Viðauki 4 – Gengi gjaldmiðla

Yfirlit eigna og skulda



m.a.ISK	Skýring	Virði skv. efnahags-reikning 31.12.2008	Skulda-jöfnun	Virði skv. efnahags-reikning 31.12.2008 eftir skuldajöfnun	Áætlað verðmæti eigna og útreikningur skulda	
Eignir						
	Útlán til viðskiptavina	A	907	(460)	447	198
	Útlán til lánastofnana	B	371	(235)	136	113
	Afleiður	C	112	(40)	72	72
	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	D	220	(128)	92	19
	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	E	83	-	83	22
	Hlutir í dótturfélögum	F	183	-	183	110
	Sjóður og innstæður í Seðlabanka		26	-	26	26
	Aðrar eignir		55	-	55	25
			1,957	(864)	1,094	586 ¹
	Heildareignir án tillits til greiðslu vegna Nýja Glitnis hf.					
	Greiðsla vegna Nýja Glitnis hf.		-	-	-	422 ²
	Heildareignir		1,957	(864)	1,094	1,008
Skuldir						
	Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka	G	(2,822)	747	(2,075)	(2,075)
	Víkjandi lán		(180)	-	(180)	(180)
	Afleiður	C	(61)	10	(51)	(51)
	Innlán		(55)	-	(55)	(55)
	Innlán frá fjármálafyrirtækjum og seðlabönkum		(31)	-	(31)	(31)
	Ábyrgðir		-	-	-	(18)
	Aðrar skuldir		(7)	-	(7)	(7)
			(3,157)	757	(2,399)	(2,417)

- Eins og fram kemur í Skýringu 2, *takmarkanir*, er töluverð óvissa í tengslum við virði eigna Bankans. Skilanefndin hefur áætlað verðmætabil eigna Bankans, áður en tekið er tillit til greiðslu frá Nýja Glitni (e. 'Total assets before instrument from New Glitnir banki hf.'). til þess að greina frá þessari óvissu. Verðmætabilið er eingöngu byggt á útlánaáhættu sem notuð var við mat á útlánnum (að meðtöldum lánnum í dótturfélögum) og afleiðueignum. Bilið er frá 445 m.a. ISK. til 680 m.a. ISK. Sökum mikillar óvissu og annarra þátta gæti útkoman fallið utan þessa verðmætabils.
- Ekki er vitað hvert virði Nýja Glitnis er og ekki hafa verið gerðar neinar tilraunir til að meta það í Yfirliti eigna og skulda. Það virði sem sýnt er í Yfirliti eigna og skulda er það virði sem FME gaf út þann 14. nóvember 2008.



Skýringar

1. Inngangur

2. Yfirlit eigna og skulda

3. Skýringar

4. Viðaukar

Viðauki 1 – Orðskýringar

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

Viðauki 4 – Gengi gjaldmiðla

1. Grundvöllur verkskipulags (e. Basis of preparation)

- Yfirlit eigna og skulda hefur verið unnið á grundvelli þess að Bankinn geti stjórnað sölu eigna og daglegum rekstri með hagsmuni kröfuhafa í huga. Áætlað virði hvers eignaflokks byggist þannig á þeirri aðferðafræði sem hefur verið tekin upp fyrir viðkomandi flokk þ.e.til sölu (e. Available for sale), stjórnað þar til selt (e. Manage to sale) eða haldið til loka líftíma (e. Held to maturity). Virði eigna í Yfirliti eigna og skulda er því ekki endilega það virði sem fengist hefði með sölu allra eigna hefðu þær verið seldar þann 31. desember 2008. Virði eignanna er reiknað miðað við að eignirnar verði seldar eða innheimtist á lengra tímabili.
- Virði samkvæmt efnahagsreikningi er sýnt samkvæmt móðurfélagsreikningi (þ.e. ekki á samstæðugrundvelli). Áætlað virði hluta í dótturfélögum byggist á áætluðu mati á undirliggjandi eignum og skulda dótturfélagana en ekki virði samkvæmt fjárfestingalykli í bókum móðurfélagsins.
- Uppreikningur krafna á Bankann miðað við frestdag er ekki tæmandi þar sem hluti núverandi krafna á og mögulegra krafna á Bankann gæti breyst í tengslum við lagalega óvissu. Á grundvelli þessa hafa kröfur á Bankann verið áætlaðar og munu breytast og skýrast með tímanum.
- Í lögum nr. 125/2008 segir að setja eigi kröfur vegna innlána í forgang þegar skipta á gjaldprotabúinu. Ennþá er óvissa um til hvaða skulda þetta ákvæði nær og hvernig lög þessi koma til framkvæmda. Mögulegt er að ákveðnir kröfuhafar vegna innlána eigi rétt á að fá greitt út að fullu og mun það hafa áhrif á útkomu annarra kröfuhafa. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa við gerð Yfirlits eigna og skulda.

2. Takmarkanir

Áætlað virði

- Aðferðafræðin sem notuð er við að meta eignir innan hvers eignaflokks hefur verið byggð á núverandi aðferðafræði Bankans við meðhöndlun og innlausn eigna. Þessi aðferðafræði væri ekki notuð af Bankanum eða matsfyrirtækjum ef fara ætti í ítarlegar verðmatsaðgerðir.
- Aðferðafræði Bankans við meðhöndlun og innlausn eigna mun að öllum líkindum breytast með tímanum, þar sem Bankinn er að vinna kerfisbundið mat og flokkun á hverjum eignaflokki og uppfæra áætlun sína um viðeigandi meðhöndlun m.t.t. hagsmuna allra kröfuhafa.
- Þær ályktanir sem notaðar eru til að meta virði eigna eru viðkvæmar fyrir breytingum á markaðsaðstæðum (þar með talið vaxtastigi, gengi undirliggjandi gjaldmiðla, verði hlutabréfa, markaðsvísium og útlánaáhættu) og samkvæmt þessu er virðið sem kynnt er byggt á “high level” aðferðafræði í meðhöndlun og innlausn eigna á ákveðnum tímapunkti.
- Yfirlit eigna og skulda er sett fram í ISK þar sem fjárhæðir eru umreiknaðar miðað við skráð miðgengi Seðlabanka Íslands þann 31. desember 2008 (sjá viðauka 4). Stór hluti eigna og skulda Gamla Glitnis er í erlendum gjaldmiðlum og því geta sveiflur á gengi gjaldmiðla gagnvart krónunni haft veruleg áhrif á eignir og skuldir sem tilgreindar eru í Yfirliti eigna og skulda.
- Þar sem mjög ótryggt ástand ríkir á fjármálamörkuðum, og þá sérstaklega lausafjáarkreppan, eru engir markaðir fyrir margar af þeim eignum sem Bankinn á. Í þeim tilvikum þar sem áætlað virði eigna og skulda er byggt á gögnum sem ekki eru aðgengileg á markaði, krefst útreikningur á virði meiri áætlana af hendi stjórnenda en þegar notuð eru gögn sem eru aðgengileg á markaði. Samkvæmt þessu hefur Bankinn reiknað út virði ákveðinna eigna og skulda, sérstaklega útlána til viðskiptavina, óskráðra hlutabréfa og flókinna afleiðna, með því að nota gögn sem þeir hafa aðgang að en ekki markaðurinn.

2. Takmarkanir (framhald)

Upplýsingar í Yfirliti eigna og skulda

- Ekki hefur verið tekin ákvörðun um eignarhald ákveðinna eigna og þá sérstaklega ákvarðanir um mat á tryggingum í eigu bankans sem munu verða notaðar við lagaleg tilvik, s.s. skuldajöfnun og gegn öðrum kröfum. Ef eignarhald þessara trygginga breytist gæti virði eigna og skulda Bankans breyst töluvert.
- Áætlað virði afleiðna er byggt á ályktunum um það hvort mótaðili hafi sent inn beiðni um uppgjör á afleiðunni. Bankinn hefur beitt ályktunum við það hvort mótaðili hafi sent inn uppgjorsbeiðni en þessar ályktanir eru hugsanlega ekki tæmandi eða nákvæmar og það er líklegt að þær ályktanir muni breytast. Þess vegna gæti raunverulegt virði eigna og skulda verið annað en það sem sett er fram í Yfirliti eigna og skulda.
- Yfirlit eigna og skulda var útbúið skv. gögnum Bankans og byggt á upplýsingum og ályktunum miðað við núverandi ástand, sem gætu breyst. Bankinn gæti lagað, bætt við eða breytt gögnum sem hann útvegaði við gerð þessa Yfirlits eigna og skulda. Sökum undirliggjandi óvissu gæti áætlað virði eigna og skulda Bankans breyst töluvert frá Yfirliti eigna og skulda.

3. Fjárhæðir sem hafa verið skuldajafnaðar

- Fjárhæðir, sem hafa verið skuldajafnaðar í Yfirliti eigna og skulda, eru mat á þeim fjárhæðum sem verða skuldajafnaðar, bæði vegna lagalegs réttar til að gera slíkt og einnig vegna þess að sá aðili er bæði með eign og skuld hjá Bankanum.

3.1 Lagaleg skuldajöfnun

- Hluti af meðhöndlun og innlausn eigna Bankans er að yfirfara allar beiðnir um uppgjör og lokun á afleiðusamningum á viðskiptavinagrunni vegna allra fjármálagerna Bankans.
- **Afleiður** – Vegna fjölda afleiðusamninga bankans og því flækjustigi sem fylgir því að yfirfara slíkt safn, þar sem margir samningar hafa verið gerðir samkvæmt alþjóðlegum reglum (e. Master agreements) og bíða uppgjors og lokunar, hafa verið dregnar ályktanir í tengslum við lagalega stöðu og virði afleiðna í Yfirliti eigna og skulda. Þessar ályktanir eru útskýrðar í viðauka 3.
- **Skuldabréf/lán og Repo (endurhverf verðbréfavíðskipti)/TRS (e. Total Return Swap)** – Með tilliti til efnahagsreikningsins hefur Bankinn jafnað saman eigna- og skuldahliðum Repo og TRS trygginga miðað við áætlað virði eigna og skulda. Þetta hefur þau áhrif að jöfnunin eignamegin er hærri en skuldamegin.

3. Fjárhæðir sem hafa verið skuldajafnaðar (framhald)

3.2 Skuldajöfnun viðskiptamanna

- Byggt á skilningi Bankans á lögum og reglum hefur Bankinn beitt eftirfarandi aðferðum við skuldajöfnun þar sem eignir og skuldir eru við sama mótaðila:
 - Skuldum við þekkta mótaðila hefur verið skuldajafnað gegn samsvarandi eign, og
 - fyrir þær skuldir, þar sem er óvissa með mótaðila, var niðurstaða skuldajöfnunar þekktra mótaðila yfirfærð á heildarþýðið og það fært sem skuldajöfnun.
- Enn fremur hefur Bankinn nýtt sér heimild FME dagsetta 14. október 2008 að heimilt sé að skuldajafna skuld í Nýja Glitni við eign í Gamla Glitni.

4. Verðmætabil líklegra útkomna

- Aðferðafræðin sem Bankinn notar við mat á verðmætabili líklegra útkomna fyrir virði heildareigna, áður en tekið er tillit til greiðslu frá Nýja Glitni (e. Total assets before instrument from New Glitnir banki hf.) sem sýnt er í Yfirliti eigna og skulda, hefur verið framkvæmt eingöngu með því að aðlaga áhættumat lána (þ.m.t. hjá dótturfélögum) og afleiðu eigna. Það tekur ekki sérstaklega tillit til breytinga vegna sveiflna í gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtastigsbreytinga, breytinga á verði skuldabréfa og gengi hlutabréfa né breytinga á heimildum til skuldajöfnunar.

5. Matsaðferðir

- Matsaðferðir fyrir hvern eignaflokk eru sýndar hér að neðan. Nákvæm lýsing á aðferðafræði fyrir hvern eignaflokk er sýnd í viðauka 3.

Eignaflokkur	Aðferðafræði við mat
Útlán til viðskiptavina	Núvirt greiðslufræði að teknu tilliti til greiðsluhæfis byggt á 'hold to sale' or 'hold to maturity' aðferðafræði
Útlán til lánastofnana	Núvirt greiðslufræði að teknu tilliti til greiðsluhæfis byggt á 'hold to maturity' aðferðafræði
Afleiðueignir – alþjóðlegir mótaðilar	Virði byggt á áætluðu uppgjöri samninga miðað við 7. október 2008
Afleiðueignir – innlendir mótaðilar	Virði að teknu tilliti til greiðsluhæfis.
Afleiðuskuldir	Virði byggt á áætluðu uppgjöri samninga miðað við 7. október 2008
Skuldabréf og markaðsskuldabréf og önnur skuldabréf með föstum tekjum	Virði byggt á skáðum og óskráðum upplýsingum sem Bankinn býr yfir
Skráð hlutabréf	Virði byggt á skráðum upplýsingum
Óskráð hlutabréf	Virði byggt á upplýsingum sem bankinn býr yfir og eru ekki opinberar upplýsingar.
Aðrar eignir	Virði byggt á upplýsingum sem bankinn býr yfir og eru ekki opinberar upplýsingar.
Greiðsla vegna Nýja Glitnis hf.	Virði eignar vegna greiðslu frá Nýja Glitni banka hf. er ekki þekkt þar sem viðræðum við Nýja Glitni banka hf. Er ekki lokið. Þess vegna er verðmætið sem sýnt er í Yfirliti eigna og skulda það verðmæti sem FME birti þann 14. nóvember 2008. Engar tilraunir hafa verið gerðar til að yfirfara það verðmat.



Skýringar

1. Inngangur

2. Yfirlit eigna og skulda

3. Skýringar

4. Viðaukar

Viðauki 1 – Orðskýringar

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

Viðauki 4 – Gengi gjaldmiðla

Viðauki 1 - Orðskýringar

The logo for Glitnir, featuring the word "GLITNIR" in white capital letters on a red rectangular background. A white wavy line is positioned below the text.

Yfirlit eigna og skulda	Áætlað virði eigna Gamla Glitnis og útreikningur á skuldum eins og lög um greiðslustöðvun, sem veitt var þann 14. nóvember 2008, kveða á um.
FME	Fjármálaeftirlitið
IRS	Vaxtaskiptasamningar
ISK	Íslenskar krónur
Nýi Glitnir	Nýi Glitnir banki hf.
Gamli Glitnir eða Bankinn	Glitnir banki hf.
OTC	Over the Counter
Frestdagur	15. nóvember 2008
Repo	Endurhverf verðbréfavíðskipti
Skilanefnd	Skilanefnd Glitnis banka hf.
TRS	Total Return Swap

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

A – Útlán til viðskiptavina



ISKbn	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008	Áætlað virði
Útlán til viðskiptavina		
Virði skv. efnahagsreikning	907.0	
Skuldajöfnun	(460.3)	
	446.7	197.7

m.a.ISK	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008	Áætlað virði
Útlán til viðskiptavina eftir skuldajöfnun		
Ísland		
Eignarhaldsfélög	129.1	7.6
Framleiðslufyrirtæki	11.8	5.6
Fasteignafélög	25.0	4.2
Orku- og hitaveitur	2.3	1.3
Aðrir	35.3	6.4
	203.5	25.2
Erlendir		
Fjármálastofnanir	21.7	5.3
Sjávarútvegsfyrirtæki	94.8	71.1
Eignarhaldsfélög	10.1	9.2
Framleiðslufyrirtæki	34.7	20.5
Smásöluvyrirtæki	7.3	4.5
Orku- og hitaveitur	4.0	3.0
Aðrir	70.7	58.9
	243.2	172.5
Heildarútlán til viðskiptavina	446.7	197.7

1. Áætlað virði skuldajöfnunar er 460.3 m.a. ISK. verðmæti þessara eigna er 290 m.a. ISK. Þessari eign er skuldajafnað á móti skuldum við sama aðila.

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

B – Útlán til banka



ISKbn	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008	Áætlað virði
Útlán til lánastofnanna		
Virði skv. efnahagsreikningi	370.9	
Skuldajöfnun	(235.3)	
	135.7	
Nettó útlán til íslenskra lánastofnanna	22.9	-
Nettó útlán til erlendra lánastofnanna	4.7	4.7
Nettó lán til dótturfélaga eða félaga sem voru í eigu bankans	108.1	108.1
Heildar útlán til banka	135.7	112.8

1. Áætlað virði útlána, sem eru skuldajöfnuð og sýnd í töflunni hér til hliðar, eru 235 m.a. ISK. Þessi eign hefur verið skuldajöfnuð á móti skuldum við sama aðila.

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

C - Afleiður



m.a.ISK	Áætlað virði afleiðueigna	Útreikningur afleiðuskuldum	Nettó
Afleiður			
Verðmæti skv. efnahagsreikning 31.12.2008	112.3	(61.1)	
Skuldajöfnun	(39.9)	9.9	
	72.4	(51.2)	21.2

m.a.ISK	Áætlað virði afleiðueigna	Útreikningur afleiðuskuldum	Nettó
Íslenskir mótaðilar			
Bankar og aðrar fjármálastofnanir	7.6	(0.8)	
Fjárfestingafélög	12.0	(15.6)	
Lífeyrissjóðir	4.5	(0.0)	
Sjávarútvegsfélög	1.2	-	
Opinberir aðilar	9.2	-	
Önnur félög	7.7	(5.8)	
Einstaklingar	0.1	(0.0)	
Heild	42.4	(22.3)	20.1
Alþjóðlegir mótaðilar			
Bankar og aðrar fjármálastofnanir	23.6	(26.1)	
Fjárfestingafélög	-	(2.6)	
Sjávarútvegsfélög	3.8	(0.0)	
Önnur félög	2.7	(0.2)	
Heild	30.0	(28.9)	1.1
	72.4	(51.2)	21.2

1. Áætlað virði afleiðu eigna sem er skuldajafnað og sýnd í töflunni hér til hliðar er 39.9 m.a. ISK Þessi eign hefur verið skuldajöfnuð á móti skuldum við sama aðila.
2. Áætlað virði afleiðu skulda sem er skuldajafnað er 9.9 m.a. ISK. Þessi eign hefur verið skuldajöfnuð á móti eignum við sama aðila.

m.a.ISK	Áætlað virði
Nettó staða	
Tegund afleiðu	
Vaxtaskiptasamningar	56.1
Gjaldeyrisafleiður	(31.4)
Aðrar afleiður	(3.6)
	21.2

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

D - Skuldabréf og markaðsskuldabréf og önnur skuldabréf með föstum tekjum

m.a.ISK	Virði skv. efnahagsreikning 31.12.2008	Áætlað virði
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		
Virði skv. efnahagsreikningi	220.2	
Skuldajöfnun	(128.4)	
	91.8	19.3

- Virði eigna sem er skuldajafnað er 128.4 m.a. ISK verðmæti þessara eigna er áætlað ISK86 m.a. ISK. Þessi eign 86 m.a. ISK hefur verið skuldajöfnuð á móti skuldum.

m.a.ISK	Áætlað virði
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	
Íslensk ríkisbréf	7.6
Íslenskir bankar	2.1
Aðrir íslenskir aðilar	1.5
Erlend	8.1
	19.3

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

E – Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum

m.a.ISK	Virði skv. efnahags reikning 31.12.2008	Áætlað virði
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		
Skráð		2.6
Óskráð		19.0
Samtals	83.4	21.6

- Yfir 97% af áætluðu virði hlutabréfa og annarra verðbréfa með breytilegum tekjum er háð frammistöðu alþjóðlegra fyrirtækja.

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

F – Fjárfestingar í dótturfélögum



m.a.ISK	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008	Land	Áætlað verðmæti undirliggjandi eigna
Hlutir í dótturfélögum			
Glitnir eignarhaldsfelag ehf.	0.4	Ísland	
ISB Norway AS	0.0	Noregur	
Glitnir Luxembourg	179.8	Lúxemborg	
Ruven Capital	2.5	Holland	
Samtals	182.8		110.5

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

G - Skuldir



m.a.ISK	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008	Skuldajöfnun	Útreikningur skulda
Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka			
Erlend verðbréfaútgáfa	1,735.0		
Innlend verðbréfaútgáfa	131.5		
Lán frá fjármálastofnunum	953.3		
Aðrir	2.5		
Heildar verðbréfaútgáfa og önnur lántaka	2,822.3	(747.0)	2,075.3

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

G - Skuldir



m.a.ISK	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008
Erlend verðbréfaútgáfa (fyrir skuldajöfnun)	
<i>Gjaldmiðlar</i>	
EUR	796.5
USD	630.9
GBP	87.9
CHF	74.9
AUD	47.3
CAD	22.9
JPY	20.5
Aðrir	54.1
Samtals erlend verðbréfaútgáfa	1,735.0
Innlend verðbréfaútgáfa (fyrir skuldajöfnun)	
<i>Gjaldmiðlar</i>	
ISK	131.5
Samtals verðbréfaútgáfa (fyrir skuldajöfnun)	1,866.5

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

G - Skuldir



m.a.ISK	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008
Lán frá fjármálastofnunum (fyrir skuldajöfnun)	
<i>Gjaldmiðlar</i>	
EUR	774.9
USD	84.7
ISK	47.3
GBP	19.7
SEK	9.2
CHF	7.8
Other	9.7
Samtals lán frá fjármálastofnunum (fyrir skuldajöfnun)	953.3

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

1. Útlán til viðskiptavina og banka

- Við mat á áætluðu verðmæti útlána til viðskiptavina og banka er tekið tillit til meðhöndlunar og innlausnar eigna Bankans. Verðmatið gerir ráð fyrir því að Bankinn neyðist ekki til að selja útlánasafnið í náinni framtíð og að útlán verði í eigu Bankans fram að lokagjalddaga eða innleyst á viðeigandi tímabili. Vegna þessa er verðmæti útlánasafnsins í Yfirliti eigna og skulda ekki metið út frá því hvert verðmæti þess væri í viðskiptum óskyldra aðila þann 31. desember 2008. Verðmatinu er ætlað að endurspeglar langtíma væntingar á virði lánasafnsins
- Verðmatið er framkvæmt í þremur skrefum:
 - **Skref 1** – Núvirði hvers láns er reiknað. Framtíðar sjóðstreymi er núvirt miðað við núverandi vexti og vaxtaálag og að höfuðstóll útlánsins verði greiddur að fullu. Vextir notaðir við núvirðingu eru ekki aðlagðir miðað við áhættu.
 - **Skref 2** – Aðlögun vegna útlánaáhættu. Núvirði hvers láns er aðlagð með tilliti til greiðslufallsáhættu og hlutfalls á greiðslu höfuðstóls við gjaldfall. Vegna takmarkaðs tíma við matið og til einföldunar var útlánum skipt upp í þrjú flokka sem byggjast á innanhúsáhættumati (sjá töflu hér á eftir)
 - **Skref 3** - Áætlaður kostnaður við innheimtu útlána byggist á rekstrarkostnaðaráætlun Bankans yfir viðeigandi tíma.
- Hver áhættuflokkur var metinn með tilliti til frammistöðu skuldara, verðmætis trygginga og lánategundar. Einnig var framkvæmt almennt mat á horfum í efnahagsumhverfi hvers atvinnugreinaflokks. Gjaldfallsáhætta og líkur á endurgreiðslu útlána voru metnar á viðskiptavinagrunni og þær notaðar við mat á útláni til viðkomandi viðskiptavinar.

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

1. Útlán til viðskipavina og banka (framhald)

Áhættuflokkun fyrir útlán til viðskiptavina

Áhættu-flokkur	Flokkun	Einkenni flokka
1	Útlán í skilum	<ul style="list-style-type: none">– Frammistaða í samræmi við fjárhagsáætlun/spá.– Starfar í umhverfi sem breytist lítið í samdrætti.– Er leiðandi á sínum markaði.– Þekkt fyrir að standa í skilum.– Að miklu leyti tryggt með eignum.
2	Útlán líkleg til að lenda í vanskilum	<ul style="list-style-type: none">– Stendur ekki við skilmála lána um frammistöðu en borgar af láninu.– Starfar í umhverfi sem er líklegt að breytist í samdrætti en búist er við að standist álagið.– Möguleiki að endursemja.– Er leiðandi á sínum markaði, sem sveiflast mikið í samdrætti, en er talið að muni halda áfram starfsemi.– Líklegt að geti haldið áfram að greiða af lánum þrátt fyrir að standa ekki við skilmála um frammistöðu.
3	Útlán í vanskilum	<ul style="list-style-type: none">– Veruleg frávik frá skilmálum, þörf á endurskipulagningu, mögulegar eða verulegar líkur á afskriftum.– Einkunnagjöf CCC eða lægri.– Starfar í umhverfi sem sveiflast mikið í samdrætti.– Miklar líkur á vanefndum skilmála.– Miklar líkur á endurskipulagningu á næstunni.– Í endurskipulagningarferli.

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

2. Afleiður

- Áætlað verðmæti afleiðu eigna og skulda er byggt á bókfærðu verði í undirbókhaldskerfi Bankans (Condor). Afleiðueignir og -skuldir eru sýndar sem nettó staða gagnvart mótaðila að teknu tilliti til skuldajöfnunar.
- Vegna flækjustigs og umfangs afleiðuviðskipta bankans hafa nokkrar forsendur verið gefnar vegna lagalegrar stöðu viðskiptanna. Við mat á verðmæti þessara eigna og skulda, í Yfirliti eigna og skulda voru eftirfarandi forsendur gefnar:
 - **Erlendir mótaðilar** – gert hefur verið ráð fyrir að erlendir mótaðilar hafi sent kröfur um uppgjör (e. default notice) í október 2008 og að við það hafi afleiðueignir og -skuldir breyst í almennar kröfur eða skuldir. Áætlað verðmæti byggist síðan á bókfærðu verðmæti eignasafnsins þann 7. október 2008.
 - **Innlendir mótaðilar** – gert er ráð fyrir að nettó eignastaða gagnvart innlendum mótaðilum sé enn opin (að teknu tilliti til viðskipta sem falla á gjalddaga á tímabilinu). Áætlað verðmæti er því miðað við 31. desember 2008. Gert er ráð fyrir að þeir mótaðilar sem eru í nettó skuldastöðu hafi farið fram á uppgjör afleiðusamninga í október. Áætlaður útreikningur afleiðuskulda byggist á bókfærðu verðmæti skuldasafnsins þann 7. október 2008.

Virði

- Virði afleiðna og flækjustig er háð undirliggjandi afurð og skilmálum hvers samnings. Flestar OTC-afleiður eru verðmetnar með viðurkenndum verðmatsaðferðum.

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

2. Afleiður (framhald)

Virði

- Verðmat flóknari afleiða er meira byggt á faglegu mati þar sem nauðsynlegar verðmatsupplýsingar liggja ekki fyrir vegna flækjustigs þeirra og erfitt getur verið að nálgast þær. Þessar afleiður hafa verið metnar með hermílíkönum eða öðrum viðurkenndum aðferðum.
- Tekið hefur verið tillit til greiðsluhæfis og gjaldfallsáhættu mótaðila afleiðueigna við verðmat þeirra. Þetta mat byggist á fyrri og núverandi frammistöðu mótaðila, upplýsingum um gæði veða og samskiptum viðkomandi aðila og Bankans.

3. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

- Áætlað virði óskuldsetts markaðsskuldabréfasafns er að mestu byggt á skráðum upplýsingum og ætla má að gildi í viðskiptum óskyldra aðila 31. desember 2008, þ.m.t. skráð verð í kauphöll eða uppgengið verð miðlara.

Viðauki 3 – Aðferðafræði við virðisútreikning

4. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum

- Áætlað virði óskuldsetts skráðs hlutabréfasafns er að mestu leyti metið á skráðu markaðsvirði sem ætla má að hafi gilt í viðskiptum óskyldra aðila 31. desember 2008.
- Virði óskuldsettra óskráðra hlutabréfa er metið út frá óopinberum upplýsingum. Matið er m.a. byggt á upphaflegu kaupverði, frammistöðu félags og seljanleika hlutabréfanna.

5. Hlutir í dótturfélögum

- Hlutir í dótturfélögum eru metnir út frá undirliggjandi eignum dótturfélagsins. Undirliggjandi eignir eru metnar með sambærilegum hætti og eignir og skuldir móðurfélagsins.

6. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

- Áætlað virði sjóðs og innstæðna í Seðlabanka er metið út frá bókfærðu virði.

7. Aðrar eignir

- Áætlað virði annarra eigna byggist á bókfærðu verði sem hefur verið aðlagð með tilliti til óseljanleika.

8. Greiðsla frá Nýja Glitni hf.

- Greiðslan frá Nýja Glitni hf. byggist á bráðabirgðaupplýsingum frá FME útgefnum 14. nóvember 2008. Óvíst er með upphæð og samsetningu á greiðslunni og getur raunveruleg greiðsla því verið önnur en fram kemur í Yfirliti eigna og skulda. Yfirstandandi er vinna við að meta eðli og upphæð greiðslunnar.

Viðauki 4 – Gengi gjaldmiðla

Gjaldmiðill	Miðgengi Seðlabanka Íslands 15. nóvember 2008	Miðgengi Seðlabanka Íslands 31. desember 2008
EUR	171	169,97
USD	134,64	120,87
GBP	199,6	175,43
CAD	110,56	99,12
DKK	22,961	22,809
NOK	19,374	17,296
SEK	17,057	15,558
CHF	113,2	113,92
JPY	1,3862	1,3398